

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, mánudaginn 15. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2008**:

M
gegn
fjárfestingafélaginu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 8. september 2008 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. september 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 29. október 2008 með ódagsettu bréfi hans. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. október 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi A f.h. M. Var bréfið sent varnaraðila með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 21. nóvember 2008, og honum gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og gögnum. Bárust þau með bréfi varnaraðila, dagsettu 26. nóvember 2008. Voru gögnin send A f.h. sóknaraðila, með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 28. nóvember 2008, og því gefinn kostur á að koma að athugasemdum fyrir hans hönd. Svar barst með bréfi A, dagsettu 11. desember 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 12. og 15. desember 2008.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili mun hafa átt innstæðu á bankareikningi hjá X í Bandaríkjum Norður-Ameríku, ásamt N. Óskuðu þau eftir úttekt á 7.000 bandaríkjadöllum þann 17. ágúst 1998. Hinn 26. ágúst 1998 gaf bankinn út tékka að fjárhæð 6.914,24 bandaríkjadali til handa sóknaraðila og N og 2. desember 1998 tékka að fjárhæð 50.597,13 bandaríkjadali. Var síðarnefndi tékkinn keyptur af FF, 9. desember 1998 og kr. 1.765.085,50 lagðar inn á reikning sóknaraðila hjá varnaraðila nr. 1101-15-550696 og sama fjárhæð inn á reikning sóknaraðila nr. 1101-15-550697. Á næstu árum var jafnt og þétt tekið út af reikningunum uns þeir voru eyðilagðir, sá fyrrnefndi 13. september 2002, en sá síðargreindi 31. október 2002.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 8. september 2008.

III.

Sóknaraðili „óskar eftir því að [úrskurðar]nefndin veiti atbeina sinn í að finna peningana, m.a. með því að afla upplýsinga frá X.“ Eftir að hafa fengið upplýsingar um greiðslu andvirðis síðarnefnds tékka inn á nefnda reikninga, snýr ósk þessi eingöngu að fyrrgreinda tékkanum. Þá fer sóknaraðili fram á afrit af úttektarbeiðnum af nefndum tveimur reikningum sínum og að sýnt verði hver hafi tekið út af reikningunum. Loks gerir sóknaraðili þá kröfu að hann fái afrit af gögnum, sem varnaraðili hafi sent nafngreindum lögmanni vegna málsins.

Sóknaraðili kveðst aldrei hafa séð neina fjármuni frá nefndum banka, en telur að varnaraðili og/eða FF. hafi tekið við fénu. Kveður sóknaraðili sér hafa gengið illa að fá upplýsingar um afdrif þess.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili vísar til gagna málsins um innlausn tékka að fjárhæð 50.597,13 bandaríkjadalir hjá FF. og innlegg þess banka inn á tvo reikninga hjá varnaraðila. Hins vegar verði ekki séð að tékki að fjárhæð 6.919,24 hafi borist varnaraðila til innlausnar. Þá hafi hann heldur ekki borist FF til innlausnar samkvæmt upplýsingum þess banka. X ætti hins vegar að geta upplýst um innlausn tékkans.

Varnaraðili kveður sóknaraðila sjálfan hafa tekið fé út af reikningum sínum, svo og son hans, sem haft hafi til þess umboð sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár.

Í máli þessu fer sóknaraðili fram á að úrskurðarnefndin veiti atbeina sinn í að hafa upp á fé sóknaraðila, svo og að upplýsa hver hafi tekið fé út af reikningum hans. Þá fer sóknaraðili fram á að fá afrit af gögnum, sem áður hafi verið send þáverandi lögmanni hans. Sóknaraðili hefur enga beina fjárkröfu uppi á hendur varnaraðila og verða framangreindar beiðnir sóknaraðila ekki metnar til fjár. Er það utan verksviðs úrskurðarnefndarinnar að rannsaka hvað hafi orðið um fé sóknaraðila eða hver hafi tekið fé í hvert eitt skipti út af reikningum hans. Beiðni um upplýsingar og gögn um innlausn tékka frá X verður sóknaraðili að beina að þeim banka. Með sama hætti verður sóknaraðili að óska eftir afritum af úttektarseðlum hjá varnaraðila. Hið sama gildir um önnur gögn, sem nafngreindur lögmaður hefur aflað fyrir hönd sóknaraðila frá varnaraðila, sé ekki unnt að afla þeirra frá lögmanninum sjálfum. Er það ekki hlutverk nefndarinnar að hafa milligöngu um afhendingu slíkra gagna.

Með vísan til framanritaðs og b-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verður því ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 15. desember 2008.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir